



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Miðstjórn ASÍ  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Akranesi 23. september 2016

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðfélags Akraness að ályktun um breytingu á mælingu á neysluvísitölunni:

**42. þing Alþýðusambands Íslands haldið 26.-28. október 2016 skorar á stjórnvöld og Alþingi Íslendinga að sjá til þess að húsnæðisliður verði tekinn út úr mælingu neysluvísitölnnar, enda liggur fyrir að ekkert land innan OECD framkvæmir mælingu neysluvísitölnnar með húsnæðisliðnum inni.**

### Greinargerð:

Hér er gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir almenning, enda liggur fyrir samkvæmt Samtökum atvinnulífsins að helmingur verðbólgunnar frá árinu 2003 til ársins 2007 hafi verið knúin áfram af hækkun húsnæðisverðs. Samtök atvinnulífsins bentu á að á þessu fjögurra og hálfis árs tímabili hafi verðbólgan verið að jafnaði 4,4% en án húsnæðisliðar hefði hún einungis verið 2,4% sem er undir verðbólgu markmiðum Seðlabankans.

Það er í raun og veru með ólíkindum að verðbólgan hér á landi skuli vera mæld með allt öðrum hætti en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, sérstaklega í ljósi þess að það er húsnæðisliðurinn sem bæði fyrir bankahrunið og eftir er að valda stórum hluta þeirrar verðbólgu sem hér mælist. Sem dæmi þá er verðbólgan frá 1. janúar 2013 til dagsins í dag að meðaltali 2,15%, en ef húsnæðisliðurinn væri ekki inni þá væri hún aðeins 0,84%.

Þetta hefur gríðarleg áhrif á fjárskuldbindingar almennings, enda er eins og allir vita stór hluti skulda heimilanna verðtryggður, en nú nema verðtryggðar skuldir heimilanna upp undir 2.000 milljörðum og því skiptir miklu máli að mæling vísitölnnar sé framkvæmd með sambærilegum hætti og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Það er erfitt að fjalla um stöðugleika í öðrum löndum, og að við séum með hærri verðbólgu en annars staðar, þegar liggur fyrir að við erum ekki að mæla hana með sama hætti og í öðrum löndum innan OECD. En það er alla vega morgunljóst að verðbólga hér á landi væri allt að 50% lægri, eins og Samtök atvinnulífsins hafa bent á, ef húsnæðisliðurinn væri ekki inni í mælingunni eins og í öðrum löndum.

Og þetta staðfestir líka að orsakavaldur mikillar verðbólgu er fólgin í hækkun húsnæðisverðs, en ekki vegna launahækkana verkafólks og iðnaðarmanna, eins og aðilar SALEK-samkomulagsins ýja sterklega að.

F.h. stjórnar og trúnaðarráðs  
Verkalýðfélags Akraness,

  
Vilhjálmur Birgisson, formaður